

REGLUR

um vinnu með vínýklóríðeinliðu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um alla þá starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem unnið er með vínýklóríðeinliðu, eða þar sem hún getur myndast.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglnanna er að vernda starfsmenn, sem vinna á stöðum þar sem vínýklóríðeinliða er framleidd, endurunnin, geymd, sett í ílát, flutt eða notuð á annan hátt, eða þar sem vínýklóríðeinliðu er breytt í vínýklóríðfjölliðu, og aðra þá starfsmenn þar sem þeir verða á annan hátt fyrir mengun af vínýklóríðeinliðu við vinnu sína.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum merkir vinnusvæði afmarkaðan hluta fyrirtækis, sem náð getur yfir eitt eða fleiri verksvæði. Á vinnusvæðum dvelja einstakir starfsmenn um lengri eða skemmri tíma við vinnu sína, þannig að ekki er unnt að ákvarða nánar tímenn sem þeir dvelja á einstökum verksvæðum og ekki er unnt að skipta vinnusvæðinu frekar í smærri einingar.

Í reglum þessum merkja mengunarmörk hæstu leyfilegu meðaltalsmengun (tímavegið meðaltal) í andrúmslofti starfsmanna miðað við 8 stunda vinnudag eða yfir annað tiltekið tímabil, sbr. reglur nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

Í reglum þessum merkja langtímaviðmiðunarmörk þau mörk sem meðalstyrkur vínýklóríðeinliðu í andrúmslofti á vinnusvæði skal ekki fara yfir á einu ári. Skal einungis tekið tillit til þess styrks sem mældur er á meðan vinnsla stendur yfir og hversu langan tíma hún varir.

4. gr.

Mengunarmörk.

Mengun sem starfsmenn verða fyrir af vínýklóríðeinliðu skal ekki fara yfir þau mörk sem gefin eru upp í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

Langtímaviðmiðunarmörk þau sem um getur í 3. gr., skulu vera þrjú hlutar af milljón (3 ppm).

Til að unnt sé að komast að því á skemmri tíma en einu ári, hvort hætta sé á að farið sé yfir langtímamörkin, eru í samanburðartöflu í I. viðauka birt viðmiðunarmörk til leiðbeiningar í því skyni. Þegar meðalstyrkur er reiknaður skal ekki taka með þann styrk sem mældur er á viðvörunartímabilum þeim sem um getur í 6. gr.

5. gr.

Mengunarmælingar.

Fylgjast skal með styrk vínýklóríðeinliðu á vinnusvæði með samfelldum eða stökum mælingum. Raðmælingar, þ.e. reglubundnar stakar mælingar, eru jafngildar samfelldum mælingum. Skytt er að nota aðferð til samfelldra mælinga eða fastra raðmælinga þegar um er að ræða lokað kerfi til fjölliðunar á vínýklóríðeinliðu.

Mengun telst vera innan langtímaviðmiðunarmarka ef meðalstyrkurinn, reiknaður á grundvelli samfelldra mælinga eða raðmælinga yfir eins árs skeið, reynist ekki vera yfir

mörkunum. Ef um stakar mælingar er að ræða skulu mæligildi vera nægilega mörg til að hægt sé að spá með að minnsta kosti 95% öryggi fyrir um styrk vínýklóríðeinliðu og sé þá gengið út frá forsendum þeim sem settar eru fram í I. viðauka, að raunverulegur meðalstyrkur muni ekki fara yfir langtímaviðmiðunarmörkin.

Mælingakerfi telst fullnægjandi sem greinir og skráir að minnsta kosti þau tilvik er styrkurinn nemur þriðjungi af langtímaviðmiðunarmörkunum.

Ef notuð eru mælingakerfi sem ekki stjórnað af aðstæðum skal skráð mæling gilda fyrir styrk vínýklóríðeinliðunnar.

Skylt er að kvarða mælitæki reglulega. Við kvörðunina ber að nota viðeigandi aðferðir, byggðar á nýjustu tækniþekkingu.

Mæla skal styrk vínýklóríðeinliðu í andrúmslofti á vinnusvæði til að færa sönnur á að styrkur sé undir langtímaviðmiðunarmörkunum, á mælistöðum sem valdir eru á þann veg að niðurstöðurnar gefi eins góða mynd af mengun vínýklóríðeinliðu, sem starfsmenn verða fyrir á umræddu svæði, og kostur er. Mælistaðir geta verið einn eða fleiri á hverju vinnusvæði, eftir stærð þess. Ef mælistaðir eru fleiri en einn skal meðaltal gildanna frá öllum mælistöðunum notað sem mæligildi fyrir gervallt vinnusvæðið. Gefi niðurstöðurnar ekki dæmigerða mynd af styrk vínýklóríðeinliðu á svæðinu ber að nota þann stað þar sem starfsmenn búa við hæstan meðalstyrk sem mælistað til að fylgjast með því að mengun fari ekki yfir langtímaviðmiðunarmörkin.

Heimilt er að nota, ásamt með mælingum, sem gerðar eru eins og lýst er í 6. mgr. þessarar greinar, mælingar sem byggjast á persónubundinni sýnatöku, þ.e. sem fengnar eru með búnaði sem einstaklingar, er verða fyrir mengun, bera á sér, til að kanna hvort valdir mælistaðir séu hentugir og til að afla annarra upplýsinga er tengjast tæknilegum forvörnum og heilsueftirliti.

Við mat á því hvort mengun sem starfsmenn verða fyrir sé undir þeim mengunarmörkum sem um getur í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun, skal gera persónubundnar mælingar frekar en staðbundnar mælingar, sé þess nokkur kostur.

6. gr.

Eftirlitskerfi.

Þar sem hugsast getur að styrkur vínýklóríðeinliðu aukist óeðlilega skal koma upp eftirlitskerfi sem getur uppgötvað slíka aukningu. Aukist styrkurinn eins og hér var nefnt skal án tafar gera tæknilegar ráðstafanir til að finna orsakirnar og komast fyrir þær. Viðvörunarmörk fyrir slíkt eftirlit skulu ekki vera hærri á mælistað en 15 hlutar af milljón (15 ppm) ef um einnar klukkustundar meðalstyrk er að ræða, 20 hlutar af milljón (20 ppm) fyrir tuttugu mínútna meðalstyrk eða 30 hlutar af milljón (30 ppm) ef um tveggja mínútna meðalstyrk er að ræða. Sé farið yfir viðvörunarmörk þessi ber án tafar að gera ráðstafanir til verndar starfsfólki.

7. gr.

Skyldur atvinnurekanda.

Til að koma í veg fyrir hættu á heilsutjóni starfsmanna vegna mengunar af vínýklóríðeinliðu skulu atvinnurekendur fylgjast með styrk vínýklóríðeinliðu í andrúmslofti starfsmanna og á vinnusvæðinu og sjá til þess að mengun sé innan mengunarmarka og langtímaviðmiðunarmarka sbr. 4. gr.

Ef nauðsyn krefur skulu gerðar verndarráðstafanir sem taka til einstaklinga.

Starfsmönnum skulu veittar nægilegar upplýsingar um þá áhættu sem þeir búa við og þær varúðarráðstafanir sem ber að gera.

Halda skal skrá yfir starfsmenn þar sem fram kemur eðli vinnu þeirra og lengd vinnutíma, svo og mengun sem þeir hafa orðið fyrir.

Atvinnurekendur skulu sjá til þess að fram fari heilsueftirlit, sbr. 8. gr. Gera skal tæknilegar ráðstafanir sem hafa það grunnmarkmið að draga eins og framast er unnt úr styrk vínýlklóríðeinliðu sem starfsmenn verða fyrir mengun af á öllum vinnusvæðum innan fyrirtækja þeirra sem um getur í 1. mgr. 3. gr., og ber því að fylgjast með styrk vínýlklóríðeinliðu í andrúmslofti, sbr. 4., 5. og 6. gr.

Við tiltekin störf (t.d. hreinsun þrýstikatla, umhirðu og viðgerðir), þar sem ekki er hægt að tryggja með vinnutilhögun eða loftræstingu að styrkur efnanna haldist innan viðmiðunarmarkanna, skal atvinnurekandi gera viðeigandi ráðstafanir til verndar starfsfólki, t.d. með því að sjá því fyrir nauðsynlegum hlífðarbúnaði.

Atvinnurekendur skulu upplýsa starfsmenn þá sem um getur í 2. gr., bæði um leið og þeir eru ráðnir, eða áður en þeir hefja störf og með reglubundnu millibili eftir það, um hættur þær sem vínýlklóríðeinliða hefur í för með sér fyrir heilsu manna og um varúðarráðstafanir sem ber að gera þegar efnið er meðhöndlað.

Atvinnurekendur skulu halda skrá yfir starfsmenn þá sem getið er um í 2. gr., þar sem lýst er eðli vinnu þeirra og lengd vinnutíma og þeirri mengun sem þeir hafa orðið fyrir. Skrána skal láta lækni þann sem annast lækni skoðun samkvæmt 8. gr. í té. Óski starfsmaður þess skal honum leyft að kynna sér þær upplýsingar í skránni sem hann varða.

Sé þess óskað skulu atvinnurekendur veita fulltrúum starfsmanna innan fyrirtækisins aðgang að niðurstöðum mælinga sem gerðar eru á verksvæðunum.

8. gr.

Heilsueftirlit.

Atvinnurekendum ber að tryggja að starfsmenn sem um getur í 2. gr. gangist undir lækni skoðun bæði um leið og þeir eru ráðnir eða áður en þeir hefja störf og síðar.

Ákvarða skal af viðkomandi lækni í hverju tilfelli hve oft skoðun sú sem um getur í 5. mgr. 7. gr. skuli fara fram og hvers eðlis hún eigi að vera. Í II. viðauka er að finna nauðsynlegar viðmiðunarreglur um þetta.

Skrárnar sem um getur í 9. mgr. 7. gr. og heilsufarsskýrslur skulu geymdar í 30 ár hið minnsta frá þeim degi er starfsemi sú hófst er starfsmennirnir sem um getur í 2. gr. stunda. Ef starfsemin er lögð niður skal koma skránum og skýrslunum til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu. Fyrir þá starfsmenn sem hófu slík störf fyrir þann dag þegar ákvæði, sett samkvæmt þessum reglum, taka gildi, skal 30 ára tímabilið hefjast á þeim degi.

Varðveisla á skránum og heilsufarsskýrslunum svo og notkun þeirra til athugana og rannsókna skal vera í samræmi við lög og reglur.

Að öðru leyti skal heilsueftirlit vera í samræmi við XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um lækni skoðanir og heilsueftirlit.

9. gr.

Áfrýjun úrskurðar.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

10. gr.

Refsiákvæði.

Með brot gegn reglum þessum skal fara eftir ákvæðum 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af

ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 2. tölulið, XVIII. viðauka, tilskipun nr. 78/610/EBE, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjana um heilsuvernd starfsmanna sem verða fyrir mengun af vínýklóríðeinliðu. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

Tölfræðilegur grundvöllur langtímaviðmiðunarmarka

(sbr. 3. mgr. 3. gr.)

1. Vegna mismunandi skilgreininga eru þau mengunarmörk fyrir leyfilegan styrk efna, sem hættuleg eru heilsu manna á vinnustöðum, mismunandi í hinum ýmsu löndum eins og stendur.

Í þessum reglum er fjallað um ný „mengunarmörk“, langtímaviðmiðunarmörk, sem eru tölfræðilega skilgreind og miðuð við árlegt meðaltal.

2. Mengunarmörk fyrir skemmri tímabil eru reiknuð út frá upplýsingum sem aflað hefur verið með umfangsmiklum mælingum á styrk vínýklóríðeinliðu í vínýklóríðfjölliðu-iðnaði. Niðurstöður þeirra eru í samræmi við aðrar athuganir sem gerðar hafa verið bæði með tilliti til annarra hættulegra efna og í öðrum greinum iðnaðar.

Þær upplýsingar sem þannig hafa fengist eru í stórum dráttum þessar:

- a) dreifingu á styrk efna sem hættuleg eru heilsu manna má lýsa sem lógaritma-normaldreifingu
- b) lógaritmadreifitalan $\sigma^2(\tau, T)$ er fall af viðmiðunartímanum, en τ á grundvelli hans er fundið meðaltal hinna einstöku gilda, og athugunartíminn T , sem öll einstöku gildin ná yfir. Þessu má, með nokkurri nálgun, lýsa með eftirfarandi jöfnu:

$$\sigma^2(\tau, T) = 2,5 \times 10^{-2} \log (T/\tau)$$

3. Á þessum forsendum er fundið hlutfall á milli viðmiðunarmarka fyrir skemmri tímabil og hinna tæknilegu langtímaviðmiðunarmarka:

Viðmiðunartímabil	Viðmiðunarmörk í ppm (í heilum tölum)	Hlutfall skammtíma- viðmiðunarmarka af tæknilegum langtíma- viðmiðunarmörkum
1 ár	3	1
1 mánuður	5	1,7
1 vika	6	1,95
8 klukkustundir	7	2,3
1 klukkustund	8	2,55

4. Líkur á því að farið verði fram úr ofangreindum mengunarmörkum á viðmiðunartíma sem er skemmri en eitt ár mega ekki vera meiri en 5% ef ársmeðalstyrkur vínýklóríðeinliðu í andrúmslofti er þrjár hlutar af milljón (3 ppm).

II. VIÐAUKI

Viðmiðunarreglur um heilsueftirlit með starfsmönnum

(sbr. 8. gr.)

1. Samkvæmt núverandi þekkingu geta menn sem verða fyrir mengun af vínýklóríð-einliðu orðið fyrir heilsutjóni svo sem hér segir:
 - herslishúðarbreytingum,
 - blóðrásartruflunum í útlimum (áþekkingum Raynaudsheilkennum),
 - beinhrörnun í útlimum (í ákveðnum beinum, einkum fingurkjúkum),
 - perilóbúlar-bandvefsaukningu í lifur og milta (áþekkingum Bantishheilkennum),
 - truflunum á starfsemi lungna,
 - blóðflagnafæð,
 - æðasarkmeini í lifur.
2. Eftirliti með heilsu starfsmanna skal beint að öllum einkennum og heilkennum, með sérstakri áherslu á þau sem alvarlegust eru. Eftir því sem nú er vitað hefur ekki verið sýnt fram á að nein ákveðin einkenni eða einkenaflakkar séu undanfarar eða umskiptastig sarkmeins í lifur. Þar sem ekki eru þekktar neinar aðferðir til fyrirbyggjandi greiningar á þessum sjúkdómi sérstaklega verður lækнесеftirlit að minnsta kosti að fela í sér eftirtaldar aðgerðir:
 - athugun á heilsufarssögu og starfsferli starfsmanns,
 - klíníska skoðun á útlimum, húð og kviði,
 - röntgenmyndatöku af handarbeinum (á tveggja ára fresti).

Æskilegt er að frekari athuganir séu gerðar, sérstaklega rannsóknir á rannsóknarstofum. Þær ber læknum að ákveða í ljósi nýjustu þróunar á sviði atvinnusjúkdómafræði. Eins og stendur er lagt til að eftirtaldar rannsóknir séu gerðar með tilliti til faraldsfræðilegra kannana í framtíðinni:

 - þvagprófun (glúkósi, prótín, sölt og litarefni í galli, úróbílínógen),
 - blóðsökkspófun,
 - blóðflögutalning,
 - mæling á heildarmagni gallrauða,
 - mæling á magni transamínasa (SGOT, SGPT),
 - mæling á magni gammaglútamýltransferasa (GT)
 - týmólseyripróf,
 - mæling á magni alkalískra fosfataasa,
 - mæling á krýóglóbúlíni.
3. Eins og við allar líffræðilegar rannsóknir skal túlka niðurstöður prófana þessara með hliðsjón af þeim aðferðum sem notaðar eru og þeim normalgildum, sem rannsóknarstofan miðar við. Þegar um er að ræða starfræna truflun er þýðing hennar yfirleitt metin með heildarathugun á niðurstöðum hinna ýmsu prófana og framvindu þeirra afbrigðilegu atriða sem veitt hefur verið athygli. Það er almenn regla að afbrigðilegar niðurstöður ber að rannsaka frekar og gera frekari sérfræðilegar prófanir ef þörf krefur.
4. Læknir sá sem annast læknisskoðun metur í hverju tilviki hvort starfsmaður sé fær að starfa á ákveðnu vinnusvæði. Læknir sá sem annast læknisskoðun skal einnig meta frábendingar. Hinar mikilvægustu þeirra eru:
 - dæmigerðar æða- eða vefjaskemmdir sem geta verið í taugavef,
 - truflanir í starfsemi lungna,
 - klínísk eða líffræðileg lifrabíln,
 - sykursýki,

- langvinn nýrnabilun,
 - blóðflagnafæð og truflanir á blóðstorknun,
 - ákveðnir langvinnir húðsjúkdómar, svo sem herslishúð,
 - ofnotkun áfengis og/eða lyfjabinding.
5. Upplýsingarnar í þessum viðauka eru einungis ætlaðar til leiðbeiningar en þær eru teknar saman með hliðsjón af meinafræðilegum gögnum frá aftursýnum rannsóknum.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið kr. 7.000 skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í sveitarfélaginu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 28. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis Bolungarvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. desember 1995, staðfest deiliskipulag hafnarsvæðis Bolungarvíkur.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Bolungarvíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 22. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.